

Skýrsla gæðaráðs veturinn 2020-2021

Alma Oddgeirsdóttir
Jón Már Héðinsson
Ragnar Hólm Ragnarsson
Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
Sigrún Aðalgeirsdóttir
Þorbjörg Þorsteinsdóttir
Valdís Björk Þorsteinsdóttir

Efnisyfirlit

Hlutverk og markmið gæðaráðs	4
Starf vetrarins 2020-2021.....	4
Gæðahandbók	4
Viðbragðsleiðbeiningar.....	6
Áfangaskýrslur	6
Rafrænt skjalastjórnunarkerfi	6
Jafnlaunavottun.....	7
Skönnun opinberra vefja	7
Áfangamat haustönn 2020	8
Markmið	8
Forsendur	8
Fyrirkomulag/framkvæmd	8
Eftirfylgni	8
Skipulag næstu ára	8
Áfangamat veturinn 2020-2021	9
Áfangar í áfangamati haust 2020	9
Hlýtt á nemendur: Könnun og greinargerð stoðteymis um líðan nemenda á haustönn	10
Nemendakönnun vor 2021.....	10
Hlýtt á kennara	10
Stöðumat á haustönn	10
Stöðumat á vorönn.....	11
Starfsmannasamtöl	11
Námskrárvinna	11
Húsnæði og aðstaða	12
Kynningar.....	12
Bókasafn og UT-þjónusta	12
Menntabúðir í MA veturinn 2020-2021	13
Stjórnendafundir	14
Gestir á stjórnendafundum	14
Ýmsir aðrir fundir.....	14
Starf í COVID	15
Starfsáætlun gæðaráðs	16
Starfsáætlun gæðaráðs veturinn 2020-2021	16
September	16
Október.....	16
Nóvember.....	16
Desember	16

Janúar	16
Febrúar	16
Mars.....	17
Apríl	17
Maí.....	17
Júní.....	17
Næstu skref	17
Dæmi um viðfangsefni gæðaráðs og stjórnenda næsta árs:.....	17
Veturinn 2021–2022.....	17
Haustönn	17
Vorönn.....	18
Veturinn 2022-2023	18
Haustönn	18
Vorönn.....	18
Fylgiskjöl	19
Áfangamat haust 2020 – Helstu niðurstöður	19
Nemendakönnun vor 2021 – Helstu niðurstöður	23
Hlýtt á kennara september 2020 – Samantekt á svörum.....	34
Hlýtt á kennara maí 2021 – Samantekt á svörum	35
Útgefin gæðaskjöl frá upphafi	38
Viðbrögð við Ytra mati.....	40
Þáttur 1: Stjórnun og skipulag	40
Þáttur 2: Kennsla og námsframboð.....	42
Þáttur 3: Samskipti og líðan.....	45
Þáttur 4: Húsnæði og aðbúnaður	47

Hlutverk og markmið gæðaráðs

Hlutverk gæðaráðs Menntaskólans á Akureyri er að fylgja eftir gæðastefnu skólans.

Gæðaráð er skipað skólameistara, aðstoðarskólameistara, brautastjórnum, skrifstofustjóra, fjármálastjóra og gæðastjóra.

Gæðaráð fundar að jafnaði einu sinni í viku en vinnur þess á milli að verkefnum í minni teymum. Stjórnendur funda vikulega og þar eru einnig rædd gæðamál. Gæðamálefni eru því í stöðugri umfjöllun innan Menntaskólans á Akureyri.

Í framhaldi gæðaráðsfunda eru verkefni sem ákveðin voru á fundunum og falin í ábyrgð stjórnenda færð á verkefnalista og því tryggt að eftirfylgni sé með framkvæmd. Gerð var verkáætlun í framhaldi af ytri úttekt 2017. Verkáætlunin hefur verið uppfærð árlega og send ráðuneytinu og fylgir með sem fylgiskjal. Flestum verkefnum er lokið nema að auka þægindi nemenda í alrými. Önnur eru stöðugt í gangi og lýkur í sjálfu sér aldrei.

Með ofangreindum hætti tvinnar Menntaskólinn á Akureyri daglegan rekstur og gæðamál saman í einn heildstæðan rekstur.

Þessi sitja í gæðaráði 2020-2021

- Alma Oddgeirsdóttir
- Jón Már Héðinsson
- Ragnar Hólm Ragnarsson
- Sigurlaug Anna Gunnarsdóttir
- Sigrún Aðalgeirsdóttir
- Valdís Björk Þorsteinsdóttir
- Þorbjörg Þorsteinsdóttir

Starf vetrarins 2020-2021

Gæðastjóri í 75% starfi hefur leitt starf gæðaráðs í vetur. Eins og áður vann gæðaráð að ýmsum öðrum verkefnum en gæðahandbókinni og má þar nefna innleiðingu rafrænnar skjalastjórnunar og jafnlaunavottun. Unnið var að viðbragðsáætlun fyrir MA og viðbragðsleiðbeiningum og verklagsreglum í tengslum við hana. Að venju var áfangamat lagt fyrir nemendur á haustönn en á vorönn var gerð könnun um ýmislegt sem tengist símati, verkefnatöflu og fjölda kennslustunda í töflu. Á kennarafundi í maí svöruðu kennarar spurningum um svipað efni.

Menntaskólinn á Egilsstöðum var heimsóttur 2. október og fóru fleiri starfsmenn með. Þar voru kynningar á spanna- og verkefnatímakerfi skólans, kennsluháttum og Canvas-kennslukerfinu. Eftir hádegi funduðu síðan litlir hópar um ýmis mál eins og stundatöflugerð, skjala-, persónuverndar- og jafnlaunamál.

Gæðaráð fundaði vikulega á fimmtudögum yfir skólaárið, kl. 8:30 á haustönn og kl. 10 á vorönn. Vegna COVID-19 faraldursins voru fundirnir haldnir á Teams þegar þess þurfti. Allir meðlimir gæðaráðs sóttu fundina en einnig var unnið í smærri teymum að ákveðnum verkefnum.

Gæðahandbók

Vinnan við að útbúa skjöl fyrir gæðahandbók hélt áfram í vetur. Viðbragðsáætlun MA var gefin út og í tengslum við hana viðbragðsleiðbeiningar fyrir alls konar v. Áfram var unnið að því að yfirfara útgefnar starfslýsingar og samræma þær og eins var komið að endurskoðun á nokkrum skjölum. Lokið var við verklagsreglu fyrir móttöku nýrra starfsmanna og útbúinn gátlisti fyrir það verkefni.

Einnig var gengið frá reglum um tölvupóst starfsmanna til að gera betri skil á milli vinnutengds pósts og einkapósts og til að setja fram skýrar reglur um það hvað verður um póstinn við starfslok.

Í listanum hér fyrir neðan má sjá hvaða skjöl voru gefin út í vetur, ný og endurútgefin, og í viðauka er yfirlit yfir öll útgefin skjöl í gæðahandbók.

Skjalanúmer	Titill
EB-0002	Lokapróf - Sniðmát forsíðu
EB-0003	Áfangalýsing - sniðmát
EB-0005	Námsáætlun - sniðmát
EB-0008	Áfangaskýrsla – [Áfangi] – [Haust/Vor] [Ártal]
EB-0012	Verkefnalisti stjórnenda
EB-0016	Tímabundið leyfi starfsmanna
EY-0001	Prufuskjal til samþykktar
EY-0003	Hugtök og skilgreiningar
GL-0001	Móttaka nýrra starfsmanna
GL-0008	Tímabundið leyfi starfsmanna gátlisti
HB-0002	Reglur um prófhald
HB-0007	Málalykill Menntaskólans á Akureyri
HB-0008	Reglur um tölvupóst
HB-0009	3. Viðbragðsleiðbeiningar: Sprengjuhótanir eða grunsamlegur hlutur - almennt
HB-0010	2. Viðbragðsleiðbeiningar: Ofbeldisatvik eða hryðjuverk - almennt
HB-0011	4. Viðbragðsleiðbeiningar: Hópslys - almennt
HB-0012	5. Viðbragðsleiðbeiningar: Jarðskjálfti - almennt
HB-0013	6. Viðbragðsleiðbeiningar: Eldgos - almennt
HB-0015	7. Viðbragðsleiðbeiningar: Ofanflóð - almennt
HB-0016	8. Viðbragðsleiðbeiningar: Eiturefnaslys/-atvik - almennt
HB-0017	9. Viðbragðsleiðbeiningar: Sýklar - almennt
HB-0018	10. Viðbragðsleiðbeiningar: Geislavá- atvik - almennt
HB-0019	1. Viðbragðsleiðbeiningar: Inngangur - almennt
HB-0020	11. Viðbragðsleiðbeiningar: Viðbrögð við áföllum
HB-0021	Viðbragðsleiðb. fyrir skólastofnanir - neyðarstjórn
HB-0023	Viðbragðsleiðb. fyrir skólastofnanir MA - starfsfólk
SL-0002	Starfslýsing, framhaldsskólakennari
SL-0004	Starfslýsing, brautastjóri
SL-0005	Starfslýsing, félagsmálafulltrúi
SL-0011	Starfslýsing - forst.m. bókasafns
SL-0013	Starfslýsing, námsráðgjafi
SL-0014	Starfslýsing, skólasálfræðingur
SL-0016	Starfslýsing, húsvörður
SL-0019	Starfslýsing - skrifstofustjóri
SL-0020	Starfslýsing Fjármálastjóri
SL-0021	Starfslýsing - ræstitæknir
SL-0022	Starfslýsing - matráður
SL-0037	Starfslýsing, stuðningsfulltrúi
SS-0007	Viðbragðsáætlun Menntaskólans á Akureyri
VL-0022	Prentun mætingarlista fyrir framleiðslu prófa
VL-0034	Skólaspjald

VL-0036	Röðun í bekki
VR-0006	Viðveruuppgjör eftir 5 og 10 kennsluvikur
VR-0010	Móttaka nýrra starfsmanna
VR-0012	Afmæliskaffi
VR-0014	Framleiðsla prófa
VR-0019	Verklagsreglur vegna COVID-19 smits eða gruns um smit - nemendur
VR-0020	Verklagsreglur vegna COVID-19 smits eða gruns um smit - starfsfólk
VR-0021	Ferðir nemenda

Viðbragðsleiðbeiningar

Viðbragðsáætlun MA var gefin út í vor og í tengslum við hana viðbragðsleiðbeiningar fyrir alls konar vá. Framhaldsskólar fengu tvö sniðmát frá Mennta- og menningarmálaráðuneytinu unnin af vinnuhópi sem skipaður var af SMÍ (Skólameistarafélags Íslands) í samvinnu við almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og löguðu að sínu starfi. Ekki mátti breyta miklu í þessum skjölum þar sem ætlunin er að uppfæra þau reglulega. Í tengslum við þetta var stofnuð neyðarstjórn MA og á vef skólans (MA - Skólinn - Fólk og félög) má finna listann yfir þá sem eru í henni.

Viðbragðsáætlunina sjálfa ásamt ellefu skjölum með almennum viðbragðsleiðbeiningum má einnig finna á vef skólans (MA - Skólinn – Sýn, stefnur og mat). Viðbragðsleiðbeiningar fyrir starfsfólk voru sendar í tölvupósti og síðan eru líka sérstakar viðbragsleiðbeiningar fyrir neyðarstjórn MA. Í tengslum við þetta var útbúin verklagsregla um ferðir nemenda og verklagsreglur vegna COVID-19 smits.

Áfangaskýrslur

Farið verður yfir áfangaskýrslur og teknar saman ábendingar, framtíðarsýn og óskir. Flest af því sem er undir liðnum Framtíðarsýn tengist innri málum deilda. Áfangaskýrslur verða teknar fyrir á fagstjórafundi í haust.

Rafrænt skjalastjórnunarkerfi

Þann 1. janúar 2021 var tekið upp rafrænt skjalastjórnunarkerfi, easyCASES frá Advania. Útbúin var notendahandbók fyrir Menntaskólann á Akureyri og það tók drjúgan tíma á haustönn að æfa sig í kerfinu og skrá mál eftir leiðbeiningum í handbók og að aðlaga handbókina betur að starfinu í MA. Skólinn sótti um og fékk samþykkt frá Þjóðskjalasafni Íslands og fyrstu rafrænu skilin munu fara fram sumarið 2024. Málalykill MA gildir til 1. apríl 2024 og sótt var um sex mánaða aðlögunartíma þannig að auðvelt verður að hefja næsta tímabil í upphafi haustannar 2024. Enn er verið að læra á kerfið og skoða hvernig best er að halda utan um málaskráningar og hvaða verkefni skólans eiga að vera undir þessu kerfi.

Gæðastjóri, skólaritari og skrifstofustjóri sóttu námskeið 19. og 21. október á vegum EHI um rafræna skjalavörslu og eins tóku gæðastjóri og skrifstofustjóri þátt í námskeiðaröð á vegum Þjóðskjalasafns Íslands í vetur. Gæðastjóri er kominn á póstlista skjalastjóra við framhaldsskólana og það er ómetanlegt að hafa þann vettvang til að fá aðstoð. Einnig er skólinn meðlimur í Félagi um skjalastjórn (irma) og sótti einn fjarfund/námskeið á vegum þeirra í vetur.

Jafnlaunavottun

Versa Vottun ehf. sá um vottunarúttekt á jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri þann 12. ágúst 2020. Skólameistari og fjármálastjóri voru viðstaddir úttektina. Markmið annars stigs úttektar er að meta innleiðinguna, þar á meðal skilvirkni jafnlaunakerfisins og felur í sér gagngera skoðun á öllum kröfum ÍST 85: 2012 til að sannreyna hvort jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri mæti þeim og að mælt verði með veitingu vottunar. Úttektin leiddi í ljós að jafnlaunakerfi Menntaskólans á Akureyri er orðið nokkuð heildstætt, umfangið var sannreynt og nær það til allra starfsmanna Menntaskólans á Akureyri.

Haustið 2020 var settur saman hópur sem samanstóð af skólameistara, aðstoðarskólameistara, fjármálastjóra og formanni Kennarafélags MA. Hópurinn vann að nýjum jafnlaunaviðmiðum og flokkun starfa. Við greiningu og flokkun starfa er notast við greiningartól sem kallast Embla. Embla byggir á aðferðafræði um greiningu og flokkun starfa sem sett er fram í viðauka B í jafnlaunastaðlinum ÍST85:2012 og kallast „stigagjöf fyrir hvert viðmið“ og notast er við 1000 stig (100%) til úthlutunar.

Skólameistari og fjármálastjóri voru viðstaddir viðhaldsúttekt sem fór fram þann 17. ágúst 2021 í gegnum fjarskiptabúnað. Viðhaldsúttekt er til þess fallin að viðhalda fullvissu um að stjórnunarkerfi viðskiptavinar sé skilvirkt og uppfylli áfram viðeigandi kröfur fram að næstu endurvottun. Niðurstöður viðhaldsúttektar voru að ábyrgðaraðilar jafnlaunakerfisins hafi getu til að ná fram þeim markmiðum sem Menntaskólinn á Akureyri hefur sett sér og þeirri útkomu sem jafnlaunakerfinu er ætlað að raungera.

Næsta viðhaldsúttekt er áætluð 17. maí 2022.

Skönnun opinberra vefja

Verkefnið Skönnun opinberra vefja 2020 var undir merkjum Stafræns Íslands og hafði það að markmiði að styðja opinbera aðila í viðhaldi og þróun vefja, gefa ábyrgðarmönnum óháð stöðumat, meta stöðu út frá almennum viðmiðum og bera stöðu einstakra vefja saman við stöðu annarra opinberra vefja. Eftir kynningarfund í lok október var kerfi frá SiteImprove notað til að skanna alla vefi opinberra stofnana.

Í byrjun nóvember var vefur MA skannaður og stuttu seinna barst fyrri skýrslan úr úttektinni. Þá gafst skólanum færi á að laga það sem bent var á í skýrslunni, áður en vefurinn var skannaður aftur 17. desember og seinni skýrslan barst seinna sama dag.

Vefurinn var metinn út frá þáttunum gæði efnis, aðgengi og leitarvélabestun. Gæði efnis mælir þætti á borð við stafsetningarvillur, brotna tengla, langar setningar, stórar myndir og röng skráaform. Aðgengileiki mælir uppsetningu síðunnar, aðgengisvillur í .pdf skráum og fleira. Leitarvélabestun mælir hraða vefsins, aðgengileika fyrir snjalltæki og fleira. Hægt var að styðjast við fyrri skýrsluna til að gera umbætur fyrir seinni skönnunina, en gagnsemin takmarkaðist frekar mikið af því að stærsti hluti skýrslunnar var læstur, en greiða þurfti fyrir aðgang að fullri skýrslu.

Gæði efnis hækkaði úr 48,6 í 91,1. Þar munaði mest um að lagfæra villur í leiðatrénu sem er á öllum síðum og að fækka brotnum tenglum úr 155 niður í 71. Skýrslan gaf upp algengustu stafsetningarvillurnar og hægt var að leita að þeim og leiðrétta.

Aðgengiseinkunn lækkaði úr 75,5 niður í 74,8, en óljóst er hvers vegna einkunnin lækkaði. Sumt er afleiðing af því hvernig vefurinn er forritaður, t.d. hvernig leiðakerfið er byggt upp, og því erfitt að laga innanhúss. Gæta þarf vel að frágangi .pdf skjala sem birt eru á vefnum, til dæmis með því að passa rétta notkun fyrirsagna, að fylla inn í lýsigögnin, að merkja allar töflur og að setja alltaf texta sem má koma í staðinn fyrir allar myndir. Þau skjöl sem bent var á í skýrslunni voru löguð.



Leitarvélabestun hækkaði úr 77,9 í 80,5. Hægt er að bæta einkunnina með ýmsum tæknilegum úrræðum, en þau beinast flest að uppsetningu vefsins sjálfs, eins og hversu hraðvirkur hann er í snjalltækjum eða hversu vel hann virkar á snertiskjá.

Í vor var haldið örnámskeið á Menntabúðum um notagildi vefja og rafræns efnis þar sem þessi skönnun var kynnt og farið yfir forsendurnar fyrir úttektinni. Gert er ráð fyrir að vefurinn verði skannaður aftur í september 2021.

Áfangamat haustönn 2020

Markmið

Markmið áfangamats er að bæta skólastarf, draga fram sterkar og veikar hliðar og veita kennurum, faggreinum og skólastjórnendum upplýsingar. Á grundvelli niðurstaðna verður gripið til viðeigandi ráðstafana. Í áfangamati er nemendum gefið tækifæri til að meta nám og kennslu.

Forsendur

Áfangamat er hluti af því innra mati sem hverjum framhaldsskóla er skylt að sinna skv. [41. gr. laga um framhaldsskóla nr. 92/2008](#), og [reglugerð um mat og eftirlit í framhaldsskólum 700/2010](#).

Fyrirkomulag/framkvæmd

Framkvæmd áfangakannana og hvaða áfangar eru metnir hverju sinni er í samráði við fagstjóra. Gert er ráð fyrir að hver áfangi sé metinn eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti. Áfanginn getur þó verið metinn oftar sé þess óskað s.s. vegna breytinga á áfanganum. Áfangamat er að jafnaði lagt fyrir á síðustu þremur vikum annarinnar.

Eftirfylgni

- Kennarar fá niðurstöður í sínum áföngum. Stjórnendur ræða við kennara um niðurstöður og starfið í heild. Áfangamatið er notað sem hluti af starfsmannasamtölum.
- Fagstjórar fá ópersónugreinanlegar niðurstöður um áfanga sem heyra undir þá og ræða þær með sinni deild. Deildin tekur afstöðu til þess hvort matið sé ásættanlegt út frá markmiðum deildarinnar eða hvort eitthvað þurfi að bæta. Niðurstöður úr þeirri umræðu skila sér til gæðaráðs.
- Gæðaráðið fær allar niðurstöður og tekur saman skýrslu þar sem heildarsamantekt birtist. Hún er svo kynnt á kennarafundi, í skólanefnd og á skólaráðsfundi þar sem nemendur eiga fulltrúa.

Skipulag næstu ára

Áfangamat mun fara þannig fram að á hverri önn verður það lagt fyrir tvo bekki eftir skipulaginu í töflunni hér að neðan. Með þessu móti verður áfangamat lagt fyrir hvern árgang fjórum sinnum á þriggja ára námsferli og hver áfangi verður metinn að minnsta kosti einu sinni á þriggja ára fresti.

Önn	Bekkir
H21	2. og 3. bekkur
V22	1. og 3. bekkur
H22	1. og 2. bekkur
V23	2. og 3. bekkur
H23	1. og 3. bekkur
V24	1. og 2. bekkur

Áfangamat veturinn 2020-2021

Á haustönn var áfangamat lagt fyrir alla bekki skólans vegna þess að það féll niður vorið 2020.

Áfangamat var lagt fyrir **23. -27. nóvember**. Fulltrúar gæðaráðs gengu í bekki til að leggja áfangamatið fyrir. Áfangamatið var lagt fyrir í 184 hópum, 65 áföngum. Fjöldi sem lagt var fyrir er 3821 og fjöldi svara var 2103, svo að svarhlutfallið var 55%.

Frekari niðurstöður úr áfangamati eru í fylgiskjali.

Áfangar í áfangamati haust 2020

- **Enska**
 - ENSK2AA05
 - ENSK2BL04
 - ENSK2FV05
 - ENSK3BS04
 - ENSK3NV04
 - ENSK3PL05
- **Félagsgreinar, saga og heimspeki**
 - FÉLA2AA05
 - FÉLA3ST04
 - HEIM2SA05
 - HEIM2TS05
 - HEIM3YN05
 - NÝNE1FO00
 - SAGA2FM05
 - SAGA2NÝ05
 - SAGA2US05
 - SÁLF2ÁH05
 - SÁLF3PS05
 - SIÐF2HS03
- **Íslenska**
 - ÍSLE2MÁ05
 - ÍSLE2YN05
 - ÍSLE3LB05
 - ÍSLE3MV04
- **Læsi**
 - LÆSI2ME10
 - LÆSI2NÁ10
- **Raungreinar og íþróttir**
 - EÐLI1AF04
 - EÐLI3RA05
 - EFNA2AB05
 - EFNA3LE05
 - EVÍS1GR05
 - FORR2FO05
 - HEIL1HL02
 - HEIL1HS01
 - HEIL1HP01
 - HEIL1HÖ01
 - HEIL2HL05
 - JARÐ2JA05
- JARÐ2ÚT05
- LÍFF1GL05
- LÍFF3AN05
- LÍFF3EF05
- LÍFF3FM05
- NÆRI3GR05
- **Stærðfræði**
 - STÆR1AL05
 - STÆR2AJ05
 - STÆR2AL05
 - STÆR3FX06
 - STÆR3LA05
 - STÆR3LÁ05
 - STÆR3TX05
 - STÆR3VS05
- **Önnur erlend tungumál**
 - DANS1GR05
 - DANS2AA05
 - DANS2BB04
 - FERÐ2ÍS05
 - FRAN1AA05
 - FRAN1CC04
 - FRAN1CC05
 - FRAN2EE05
 - LEIK1GR05
 - MENN2TU04
 - ÞÝSK1AA05
 - ÞÝSK1CC04
 - ÞÝSK1CC05
 - ÞÝSK2BE05
 - ÞÝSK2EE05

Hlýtt á nemendur: Könnun og greinargerð stoðteymis um líðan nemenda á haustönn

Könnunin var send til allra nemenda skólans. 336 nemendur eða 62% nemenda svöruðu. Í heildina líður nemendum vel í skólanum en þó líður þeim verr núna en fyrir COVID. Stór hluti er glaður í MA og líka með kennarana. Margir segjast ekki hlakka til kennslustundanna sem helst í hendur við að kennslustundir núna séu erfiðar. Fáir upplifa sig nána öðrum. Svefninn mætti vera betri og nemendur mættu vera duglegri að hreyfa sig. 60% eru sammála því að hafa góða eiginleika og 34% eru einmana. Þeim finnst þau ekki drekka of mikið af orkudrykkjum. 88% eiga gott samband við fjölskylduna og það hefur hátt forvarnargildi. 35% eiga auðveldara með að skipuleggja sig og halda utan um námið núna en í vor, þau virðist hafa aðlagast þessum breytta heimi.

Á heildina litið, sem skóli, getum við verið þökkalega ánægð með þessa niðurstöðu.

Nemendur upplifa sig engu að síður einangraðri og meira einmana. Í opnu spurningunni kom líka fram þakklæti með að það væri verið að kanna hvernig þeim líði.

Hluti spurninganna eru staðlaðar spurningar og gaman væri að kanna þetta sama síðar.

Nemendur eru duglegir að nýta sér stoðþjónustuna núna og virðast eiga auðveldara með það en á vorönn 2020. Það hefur mikið verið að gera hjá stoðteyminu og upplifunin er að málin séu þyngri en í vor.

Nemendakönnun vor 2021

Könnun var lögð fyrir alla nemendur MA vorið 2021. Könnunin var send á 531 nemanda og samtals bárust 382 svör, svo svörunin var 72%. Gengið var í alla bekkir til að hvetja nemendur til að svara könnuninni.

Alls voru sex opnar spurningar. Flest svör bárust um símatsönnina (119) og síðan álíka margar um fjölda kennslustunda (94), námsmatsdagana (84) og annað sem nemendur vildu taka fram í lokin (80). Svörin voru flokkuð eftir þeim í hverjum flokki og reynt að finna með þeim hætti einhverja sameiginlega þræði. Nánari samantekt er í fylgiskjali.

Hlýtt á kennara

Stöðumat á haustönn

Í lok september 2020 var stöðumat lagt fyrir kennara til að kanna hvernig önnin færi af stað í fjarnámi. Könnunin var lögð fyrir í Forms og svör voru skráð undir nafni. 34 svöruðu, flest kennarar, en einnig bárust einstaka svör frá öðru starfsfólki. Áhersla var lögð á að hafa opnar spurningar til að ná sem flestum ábendingum sem bregðast mætti við:

- Hvað hefur gengið vel í kennslunni fram að þessu?
- Hvað hefur ekki gengið nógu vel í kennslunni fram að þessu?
- Hvað hefur gengið vel í samskiptum við nemendur og/eða samstarfsfólk?
- Hvað hefur ekki gengið nógu vel í samskiptum við nemendur og/eða samstarfsfólk?
- Langar þig að benda á eitthvað, t.d. varðandi skipulagið á skólastarfinu fram að þessu, aðbúnað, aðstöðu og fleira?
- Ef kennsla á vorönn þarf að miðast við blandað nám eins og nú, er þá eitthvað sem þú vilt koma á framfæri varðandi stundatöflugerð?
- Hvernig líður þér í starfi?
- Hvað mætti gera til að bæta líðan þína í starfi?
- Eitthvað sem þú vilt koma á framfæri?

Í fylgiskjali má sjá samantekt á svörunum sem bárust.

Stöðumat á vorönn

Á kennarafundi 14. maí var kennurum skipt í hópa sem svöruðu spurningum um álit sitt á fyrirkomulaginu á vorönn (símat, fækkun kennslustunda).

Skipt var í sjö hópa. Könnunin var á Forms og svöruðu hóparnir fimm spurningum:

- Hvernig hefur ykkur fundist takast til með símatsönn? Nefnið helstu kosti og galla.
- Er eitthvað annað sem þið viljið taka fram um símatsönnina?
- Aftur símatsönn?
- Fækkun kennslustunda
Í fyrsta bekk var hægt að hefja kennslu kl. 9:00 með því að fækka tímum í einstaka áföngum, en einnig var kennslustundum fækkað í mörgum áföngum í 2. og 3. bekk.
- Er eitthvað annað sem þið viljið nefna?

Í fylgiskjali má sjá samantekt á niðurstöðum úr umræðum hópanna en auðvitað voru ekki allir sammála innan þeirra. Þessar niðurstöður voru kynntar á kennarafundi 3. júní.

Starfsmannasamtöl

Á haustönn kom einn kennari í starfsmannasamtal þar sem m.a. var rætt um áfangamat, skólameistari náði ekki að ræða við fleiri vegna Covid19. Skólameistari ræddi einnig við annað starfsfólk og náði að taka 13 viðtöl. Viðtölin voru um 30 mínútur og fóru flest fram í Meistarastofu. Í viðtölunum við annað starfsfólk var meðal annars rætt um starfsaðstæður og starfsanda, samskipti, líðan og starfsþróun eða annað sem þurfti að ræða um.

Viðtölum var ekki haldið áfram eftir samkomubann 19. mars 2021.

Haustönn 2021 verður boðið upp á viðtöl til að fylgja eftir viðtölunum frá síðasta ári.

Námskrárvinna

Skólaárið 2020-2021 innrituðust fyrstu nemendurnir, átján talsins, inn á nýtt áherslusvið kjörnámsbrautar, sviðslistir. Á fyrsta árinu eru nemendur að mestu leyti í bóklegum kjarnagreinum en hefja engu að síður strax sérhæfingu í einkennisgreinum brautarinnar, fara í einn áfanga á haustönn og annan á vorönn. Alls ljúka nemendur 52 einingum í ýmsum greinum sem tengjast sviðslistum, allt frá leiklistarsögu til hönnunar leikmynda. Þessi fyrsti vetur gekk einkar vel og kennarar sammála um að það hafi verið einstaklega gaman að kenna sviðslistahópnum, nemendur afar áhugasamir, virkir og skapandi. Samhliða því að hefja kennslu á brautinni var haldið áfram að undirbúa áfanga sem kenndir verða á komandi skólaári. Brautastjóri og verkefnastjóri funduðu með stjórnendum Tónlistaskólans á Akureyri þar sem leitast var eftir samstarfi skólanna við kennslu í áföngunum rödd og texti, LEIK2RT04, og leiklist og söngur, LEIK2ST05. Niðurstaðan varð sú að kennarar í TA sjá um hluta kennslunnar í áfanganum LEIK2RT04 og munu væntanlega alfarið sjá um kennslu í LEIK2ST05. Það er mjög dýrmætt að fá menntaða söngkennara til að koma að þessari kennslu og ánægjulegt hversu mikinn áhugi er á samstarfi í TA. Áfram verður haldið að undirbúa þá áfanga sem kenndir verða á brautinni á þriðja og síðasta ári.

Á skólaárinu var hugmyndum fagstjóra í raungreinum og stærðfræði um breytingar á námsbrautum hrint í framkvæmd og búna til þrjár nýjar brautir; heilbrigðisbraut, náttúrufræðibraut og raungreina- og tæknibraut. Markmiðið með þessari breytingu er að auka fjölbreytni í vali nemenda og koma betur til móts við mismunandi áhugasvið þeirra. Nemendur sem fara á þessar brautir taka allir sömu áfanga á 1. ári en skiptast svo á þessar þrjár mismunandi brautir. Mikil vinna er falin í því að stofna nýjar brautir, það krefst mikillar samvinnu kennara, búa þarf til nýjar áfangalýsingar og setja þær í námskrárgrunn ráðuneytisins ásamt því að fara þarf í samþykktarferli með brautirnar sjálfar. Nýju brautirnar voru sendar til samþykktar í maí en hafa ekki verið staðfestar að hálfu ráðuneytis. Við

Útfærslu nýju brautanna var tekið tillit til athugasemda kennara um of fáar einingar í ensku og þriðja tungumáli og einingafjöldi á brautunum jókst því úr 200 einingum í 203.

Að auki voru nýjar valgreinar settar í námskrárgrunn ráðuneytisins, www.namsbrautir.is. Vegna óhagræðis í kennsluskiptingu var ekki hægt að koma til móts við óskir kennara um að færa síðasta áfanga í þriðja tungumáli á félagsgreinabraut af vorönn yfir á haustönn en haldið verður áfram að leita leiða til að það geti orðið að veruleika.

Næstu skref í námskrárvinnu eru, eins og fram hefur komið, að halda áfram að þróa áfanga og starf á kjörnámsbraut skólans. Námskrá þarf að vera í sífelldri endurskoðun og uppi eru áform um að taka ferla nemenda á félagsgreinabraut til endurskoðunar. Einnig á að skoða leiðir til að efla mála- og menningarbraut skólans en vegna lítillar aðsóknar á brautina er ekki hægt að halda uppi kennslu á henni á næsta skólaári. Brautastjóri og fagstjórar í erlendum tungumálum og íslensku munu leiða þá vinnu.

Húsnæði og aðstaða

Helstu framkvæmdir ársins sneru að því að bæta vinnuaðstöðu kennara og mataraðstöðu starfsmanna. Sett voru inn upphækkanleg borð og ný skilrúm milli borða í vinnuherbergi kennara á Hólum og Undir Svörtuloftum. Einnig voru upphækkanleg borð sett í ensku- og eðlisfræðisherbergi. Allir kennarar hafa því núna upphækkanleg borð. Við breytingarnar fækkaði borðum Undir Svörtuloftum og því var útbúið nýtt vinnuherbergi þar sem áður var G14. Þangað fluttu íþróttakennarar og listgreinakennarar verða þar einnig með aðstöðu.

Miklar framkvæmdir voru í mótuneyti starfsmanna í Gamla skóla. Öllum innréttingum og tækjum var skipt út, sett nýtt gólfefni og málað. Vinnuaðstaða matseljanna batnar því til muna.

Nýtt útiþróttasvæði var útbúið vestan við Fjósið. Það er lagt gervigrasi og hægt að stunda æfingar, spila körfubolta, blak og bandý svo eitthvað sé nefnt.

Enn er eftir að bæta aðstöðu nemenda en lengi hefur staðið til að gera félagsaðstöðu þeirra notalegra.

Kynningar

Eins og áður höfðu námsráðgjafar yfirumsjón með kynningum á skólanum fyrir efstu bekkji grunnskóla. Ekki var unnt að halda sama fyrirkomulagi og undanfarin ár sökum COVID-19 og var því áhersla lögð á rafrænar kynningar fyrir skólana með örfáum undantekningum þar sem námsráðgjafar náðu að heimsækja skóla. Í maí gafst svo tækifæri til að bjóða grunnskólum Akureyrar í heimsókn þegar losað var um samkomutakmarkanir og var ánægjulegt að geta fengið nemendur 10. bekkjar í heimsókn.

Ekki var unnt að standa fyrir kynningafundi fyrir væntanlega nemendur og foreldra þeirra eins og gert hefur verið sl. ár sökum COVID-19 og samkomubanns.

Námsráðgjafar eru í kynningarnefnd skólans og sitja fundi þar sem farið er yfir fjölbreytt málefni sem tengjast kynningarstarfi á skólanum.

Bókasafn og UT-þjónusta

Veturinn 2020-2021 var Anna Eyfjörð Eiríksdóttir þjónustustjóri tölvudeildar og aðrir UT-ráðgjafar voru Arnfríður Hermannsdóttir, Brynhildur Frímansdóttir og Jóhann S. Björnsson. Eyrún Lára Hansen var aðaltengiliður Advania og sá hún um viðveru af þeirra hálfu hér á bókasafninu. Hér eru nokkrir punktar úr skýrslu UT-deildar.

Þessi vetur var frekar óhefðbundinn hvað allt skólastarf varðar. Þó nokkur hluti haustannar var í fjarkennslu og þó svo að vorönn hafi nánast alveg verið kennd á staðnum var hún lokaprófalaus símatsönn. Allt þetta hafði óneitanlega áhrif á starf UT-deildarinnar bæði hvað þjónustu við nemendur og starfsfólk varðar.

Eins og í fyrra var boðið upp á fasta viðveru UT-ráðgjafa og tengiliðs Advania á bókasafninu. Það gafst mjög vel og verður haldið áfram. COVID setti mikið strík í reikninginn á haustönn hvað viðveru varðar og þurfti að leysa þau mál sem upp komu í gegnum tölvupóst. Eftir að hafa fengið reynslu af viðveru veturinn áður komu kostir hennar bersýnilega í ljós nú þegar hennar naut ekki lengur við. Miklu heppilegra er að leysa úr málum sem upp koma og veita nauðsynlega aðstoð augliti til auglitis heldur en í gegnum tölvupóst eða jafnvel fjarfund. Þegar við komumst aftur í skólann af fullum krafti á vorönn var talsvert af uppsöfnuðum málum sem þurfti að leysa úr og var upphaf vorannar mjög annasamur tími, sérstaklega hjá tengilið Advania. Það er alveg ljóst að viðveran heldur áfram með þessu sniði næsta vetur. Skoða þarf e.t.v. aðeins hversu langan tíma starfsmaður Advania er við hverju sinni.

Gerðar voru tilraunir varðandi endurnýjun á þráðlausum Thinkpad tengiboxum í stofum en engin þeirra gekk upp. Þessi mál verða áfram í skoðun í samstarfi við Advania.

Fjármálaráðuneytið fyrir hönd Ríkisins hefur gert samning við Microsoft um leyfismál fyrir allar ríkisstofnanir og við HÍ um rekstur á öllum tölvukerfum í framhaldsskólum á landinu. Í ágúst mun MA ganga inn í þetta verkefni og flytjast allir okkar notendur og gögn í tenant á vegum HÍ. Fyrir MA er þetta ekki hagræðing heldur talsverð vinna og kostnaðarauki. Það kemur til vegna þess hve framarlega skólinn er orðinn í tæknimálum og hversu langt hann er komin inn í skýjageirann eins og margir aðrir framhaldsskólar. Fyrir hinn almenna starfsmann breytir þetta frekar litlu. Allir þurfa að setja upp tveggja þátta auðkenningu til að geta skráð sig inn á kerfið utan skólans. Þessu fylgir aukið öryggi og það er eitt af markmiðum verkefnisins.

Menntabúðir í MA veturinn 2020-2021

Veturinn 2020-2021 hefur óhjákvæmilega litast af Covid-19 og ástandinu í samfélaginu. Kennarar hafa ítrekað þurft að breyta öllum plönnum og áætlunum til að taka mið af ýmist staðkennslu eða fjarkennslu. Í því samhengi hafa menntabúðir komið að miklu gagni við að kynna ýmis tól og tæki sem nýtast við fjarkennslu en einnig til að huga að andlegri heilsu kennara og annarra starfsmanna á þessum krefjandi tímum. Það hefur engu að síður verið meira krefjandi að finna tíma og leiðir til að halda menntabúðir nú í vetur og sést það m.a. á því að færri menntabúðir voru haldnar en ráð hafði verið gert fyrir.

Gert hafði verið ráð fyrir að halda a.m.k. fjórar menntabúðir í hverjum skóla fyrir sig og tvær sameiginlegar menntabúðir allra SAMNOR skólanna, eina hvora önn. Sú áætlun stóðst ekki. Haldnar voru einar sameiginlegar menntabúðir allra skólanna á haustönn 2020. VMA sá um undirbúning að þessu sinni og voru menntabúðirnar haldnar rafrænt. Afar vel tókst til. Fengnir voru utanaðkomandi fyrirlesarar, einn úr grunnskóla og einn úr háskóla og rætt var um hvernig framhaldsskólinn tekur við grunnskólanemendum og hvað er gott að nemendur kunni þegar við skilum þeim af okkur til háskólanna. Í framhaldinu var svo boðið upp á tvær málstofulotur.

VMA hélt innanhússmenntabúðir á vorönn og MA hélt 6 innanhússmenntabúðir, þar af einar nemendamenntabúðir. Aðrir skólar héldu því miður ekki menntabúðir í vetur þrátt fyrir mikla hvatningu af hálfu skipuleggjenda í MA og eflaust hafði COVID letjandi áhrif.

Næsta vetur gerum við okkur von um að skólastarf verði komið í eðlilegt horf. Við gerum ráð fyrir að verkáætlun þann veturinn verði á sama hátt og áður, s.s. að halda tvennar sameiginlegar menntabúðir allra SAMNOR-skólanna og einnig innanhússmenntabúðir innan hvers skóla. Vegna þess að ekki gekk að halda áætlun í vetur var sótt um framlengingu á styrknum um eitt ár. Fyrir því

fékkst samþykki og erum við afar þakklát. Við sjáum vel að menntabúðir, bæði innan hvers framhaldsskóla og sameiginlegar, eru komnar til að vera. Þetta er frábær vettvangur til starfsþróunar og að deila þeirri miklu þekkingu og færni sem býr innan framhaldsskólanna. Við erum sterkari saman en við erum hvert í sínu horninu.

Stjórnendafundir

Stjórnendafundir eru haldnir einu sinni í viku, á þriðjudagsmorgnum, og aukafundir þegar þarf. Fyrsti fundur var 10. ágúst og sá síðasti 18. júní, alls 46 fundir. Stjórnendur skiptast á að boða fundi, stýra þeim og skrifa fundargerð. Fundargerðirnar eru vistaðar á skjalasafni og eru því öllum aðgengilegar og auk þess er útdráttur úr þeim í vikulistlum.

Á haustönninni setti skipulag skólastarfsins m.t.t. sóttvarnarreglna mikinn svip á fundina. Á fundunum eru aðrir fundir undirbúnir, s.s. kennara- og fagstjórafundir, fjallað um nemenda- og starfsmannamál, unnið að stefnuskjali skólans og áætlanagerð, kennsluskiptingu og öðru sem liggur fyrir. Fyrstu fundir fóru í það að skipuleggja skólastarfið samkvæmt sóttvarnarreglum og síðan þurfti alloft að breyta skipulaginu á önninni eftir því sem þær breyttust. Stjórnendur fóru í skólaheimsókn til Egilsstaða á haustönn. Á vorönn var skólastarf hefðbundnara og efni funda því fjölbreyttara en á haustönn; nokkur tími fór að venju í kennsluskiptingu og einnig ráðningarmál því vegna náms- og fæðingarorlofa nokkurra kennara þurfti að auglýsa kennarastöður. Nokkur umræða varð einnig um 3ja anna kerfi.

Gestir á stjórnendafundum

8. sept: Heimir og Lena námsráðgjafar; hvernig finnum við „viðkvæma nemendur“ og náum til þeirra

13. okt: Þorbjörg skrifstofustjóri; um stundaskrá

10. nóv: Anna Eyfjörð þjónustustjóri UT; um Canvas o.fl.

17. nóv: Kristín sálfræðingur; um fyrirhugaða könnun stoðteymis

12. jan: Stoðteymið (námsráðgjafar og sálfræðingur); undirbúningur fyrir rafrænan foreldrafund

12. jan: Anna Eyfjörð; um menntabúðir

3. maí: Hólmfríður Þorsteinsdóttir stærðfræðikennari; tillögur að 3ja anna skipulagi

Ýmsir aðrir fundir

- Skólameistarar framhaldsskólanna á Norðurlandi funduðu vikulega rafrænt
- Fjöldamargir fundir sem mennta- og menningarmálaráðherra hélt með skólameisturum framhaldsskólanna (rafrænt) til upplýsingamiðlunar og samstarfs á COVID-tímum
- Fagstjórafundir, kennarafundir, skólaráðsfundir og skólanefndarfundir u.þ.b. einu sinni í mánuði (sjá fundargerðir)
- Húsping í ágúst og starfsmannafundur í lok vorannar
- Fjöldi funda stjórnenda og fulltrúa stoðteymis með ýmsum aðilum vegna nemendamáls
- Fundir með Tónlistarskólanum á Akureyri vegna kjörnámsbrautar í sviðslistum
- Fundur á Teams með stjórnendum FG um 3ja anna skipulag
- Heimsókn í Menntaskólann á Egilsstöðum
- Rafrænn upplýsingafundur fyrir foreldra
- Rafrænn foreldrafundur til kynningar á námsleiðum á náttúrufræðibraut

Starf í COVID

Heimsfaraldurinn setti svip á skólastarf á landinu skólaárið 2020-21. Félagslífi voru þröngar skorður settar allan veturinn. Viðburðir sem haldnir voru, t.d. kvöldvökur, voru að mestu rafrænir. Árshátíð skólans var felld niður, fyrst var henni frestað til 16. apríl en að lokum aflýst. Hægt var að halda dimissio sem var þó öllu lágstemmdari en í venjulegu ári, ekki var veisla um kvöldið og yngri bekkingar tóku ekki þátt í gleðinni. LMA gat sett upp og æft sína sýningu. Að lokinni frumsýningu voru samkomutakmarkanir hertar og lokað fyrir leiksýningar en þegar opnað var aftur í maí voru sýndar fjórar sýningar með takmörkuðum gestafjölda.

Skólaárið hófst við ýmsar takmarkanir. Haustönnin einkenndist öll af breytingum á sóttvarnareglum sem þýddu breytingar á fyrirkomulagi í skólanum.

Skólasetning var rafræn. Tryggja þurfti fjarlægðarmörk og því voru öll borð í kennslustofum höfð stök, bekkir voru í heimastofum og allir inngangar skólans voru opnir til að koma í veg fyrir of mikinn fjölda við inngang og blöndun nemenda. Vegna þessa varð gerð sú grundvallarbreyting að allir komu inn á skónum. Skólanum var skipt til að byrja með í fjögur sóttvarnarhólf en fljótlega fækkað í þrjú. Alla haustönnina fóru nemendur ekki á milli bygginga nema nauðsyn krefði og framan af haustönn fóru starfsmenn heldur ekki milli bygginga innanhúss heldur fóru út til að fara í aðra byggingu. Merkingar voru settar á gólfin til að minna á fjarlægðarmörk og göngustefnu.

Takmarkaður fjöldi mátti vera í hverju rými og því var nokkurt púsl að finna út úr því hvernig væri hægt að bjóða sem flestum nemendum upp á staðkennslu án þess að fara yfir þau mörk. Lögð var áhersla á að 1. bekkingar gætu verið sem mest í staðnámi.

26. ágúst til 11. september var 1. bekkur alla daga nema þrjá og þriðjungur af 2. bekk mætti hvert sinn. Þá daga sem 1. bekkur mætti ekki komu 3. bekkingar í skólann. Ef bekkir voru ekki í staðnámi voru þeir í fjarnámi.

Frá og með 7. september voru fjöldatakmörk rýmkuð aðeins og miðuð við 200 manns en 1 m reglan gilti áfram. Skipulaginu var aðeins breytt og átti eftir að breyta því tvisvar áður en skóli lokaði í október. Það fólst þá í því að reyna að hafa fleiri bekki í staðnámi og um tíma var hægt að hafa 1. bekk alla daga og 2. og 3. bekk annan hvern dag.

Frá byrjun október var gert skylt að nota grímur alls staðar þar sem ekki var hægt að uppfylla 1 m fjarlægðarreglu og í sameiginlegum rýmum. Stuttu síðar var gert skylt að nota grímur alltaf.

Eftir miðannarmat seinni hluta október var enn hert á sóttvarnareglum. Vegna 2ja metra reglu og samkomutakmarkana var ekki lengur hægt að halda úti neinu staðnámi. Skólahúsin voru þó opin og ræst áfram, mötuneyti starfsfólks starfrækt og nokkuð var um að starfsfólk væri á staðnum. Margir skólar héldu fjarnámi út önnina en þegar aðeins rýmkaðist til var ákveðið að bjóða upp á staðnám að hluta fyrir 1. og 2. bekk, hálfan daginn í senn, frá og með 18. nóvember. Þetta fyrirkomulag vakti þó blendnar tilfinningar meðal nemenda og var ákvörðunin vægast sagt umdeild. Það var því ákveðið að ekki yrði skyldumæting og kennarar gæfu nemendum möguleika á að fylgjast með í streymi ef þeir veldu að koma ekki í skólann. Það var því mikið álag á kennurum að vera með mjög breytilegar útgáfur af kennslu þær vikur sem eftir voru af önninni.

Nánast öll próf voru rafræn og námsmati var breytt í símat í einhverjum áföngum. Staðpróf voru í sex áföngum (val um heimapróf og staðpróf í tveimur þeirra) en önnur próf voru rafræn. Í ljósi mikillar óánægju kennara með fjarpróf og óvissu lengi vel um hvernig hægt yrði að haga prófhaldi var ákveðið að hafa námsmat á vorönn verkefnaðið og engin eiginleg lokapróf.

Allnokkur bréf voru send út til forráðamanna og nemenda til að upplýsa um breytingar á skólahlaldi og kynna sóttvarnareglur. Vefur skólans ma.is var einnig notaður sem slík upplýsingaveita.

Vorönnin var öllu einfaldari hvað skólastarf snerti og ekki stöðugar breytingar líkt og á haustönn. Í raun var kennsla alveg með hefðbundnum hætti þá önnina en það sem var ólíkt venjulegu ári var að ekki var hægt að halda úti félagslífi nemenda. Blöndun nemenda var leyfð sem gerði valáfanga og blandaða áfanga mögulega, miðað var við 30 í rými, ýmist 2ja eða 1m fjarlægðarmörk og grímuskyldu nánast alla önnina. Önnin hófst á rafrænu námi í eina viku en eftir það var hægt að hafa staðkennslu alla önnina fyrir alla bekki, fyrir utan tvo síðustu dagana fyrir páskafrí. Á miðvikudegi fyrir páskafrí voru sóttvarnarreglur hertar til muna tímabundið og staðkennsla í framhaldsskólum óheimil þessa tvo daga. Í stað þess að hafa rafrænt nám var ákveðið að hefja páskafríið tveimur dögum fyrr. Skólahald hófst svo með hefðbundnum hætti eftir páskafrí. Bekkir voru áfram í heimastofum á vorönninni og komu inn um 4 innganga en heimilt var að fara á milli húsa. Einn kennari óskaði eftir því að kenna rafrænt en kom inn í staðkennslu í lok annar.

Starfsáætlun gæðaráðs

Starfsáætlun gæðaráðs veturinn 2020-2021

September

- Vinna við viðbragðsáætlun við ógnunum, náttúruvá, smitsjúkdómum, efnaslysum o.fl.
- Vinna við gæðahandbók
- Vinna við notendahandbók MA fyrir rafrænt skjalakerfi

Október

- Vinna við gæðahandbók
- Könnun meðal starfsfólks um kennslu og skipulag annars vegar og hins vegar um líðan og samskipti. Lögð fyrir vegna aðstæðna í COVID-19. Niðurstöður kynntar á kennarafundi
- Heimsókn í Menntaskólann á Egilsstöðum til að kanna spanna- og verkefnatímakerfi, kennsluhætti, Canvas-kennslukerfið, skjala-, persónuverndar- og jafnlaunamál
- Lokið við umsókn um að taka upp rafrænt skjalakerfi og hún send til Þjóðskjalasafns, haldið áfram að æfs sig við að skrá mál
- Námskeið á vegum EHÍ um rafræna skjalastjórnun

Nóvember

- Áfangamat í lok mánaðar
- Vinna við gæðahandbók
- Skönnun opinberra vefja

Desember

- Vinna við gæðahandbók
- Notendahandbók fyrir rafræna skjalakerfið samþykkt. Tekið upp 1. janúar 2021

Janúar

- Vinna við gæðahandbók
- Rafræna skjalakerfið tekið formlega í notkun og reynt að setja sig betur inn í það

Febrúar

- Vinna við gæðahandbók
- Aðgangsstýringar að trúnaðarmálum í rafræna skjalakerfinu skipulagðar út frá málalykli
- Starfslýsingar uppfærðar í samhengi við jafnlaunavottun



Mars

- Vinna við gæðahandbók
- Reglur um tölvupóst starfsfólks
- Útbúin undirskrift og trúnaðaryfirlýsing sem allir setja neðst í MA-póstinn sinn

Apríl

- Vinna við gæðahandbók
- Gengið frá Viðbragðsáætlun MA og viðbragðsleiðbeiningum

Mái

- Nemendakönnun um fjölda tíma í töflu, símatsönn, verkefnatöflu o.fl. í stað áfangakannana
- Hlýtt á kennara. Hópar á kennarafundi (fjöldi tíma í töflu, símatsönn, verkefnatafla o.fl.)
- Viðbragðsáætlun ásamt almennum viðbragðsleiðbeiningum og lista yfir neyðarstjórn MA birt á vefnum
- Skjal með viðbragðsleiðbeiningum starfsfólks sent til þess í tölvupósti
- Reglur um tölvupóst sendar til starfsfólks. Fyrir 1. október á að vera búið að aðskilja vinnupóst og persónulegan
- Skrifa skýrslu vetrarins

Júní

- Ganga frá skýrslu vetrarins
- Sækja um samþykki fyrir skjalageymslunni (Steinku) hjá Þjóðskjalasafni
- Jafnlaunavottun: Innri úttekt

Næstu skref

Áfram er stefnt að því að leggja áherslu á að ganga frá fleiri skjölum í gæðahandbók sem auðvelda yfirsýn, skipulag, utanumhald og vinnu. Önnur verkefni eins og jafnlaunavottun og rafræn skjalastjórnun eru hins vegar líka fyrirferðarmikil og vinna við þau heldur áfram samhliða.

Dæmi um viðfangsefni gæðaráðs og stjórnenda næsta árs:

- Undirbúa og kynna tillögu að þriggja anna kerfi
- Gera aðstöðu nemenda í Kvos og á göngum þægilegri og fallegri
- Stuðla að meiri samgangi starfsfólks eftir COVID
- Halda áfram, í framhaldi af vinnu og umræðum á Húsþingi, að bæta bekkjaranda og félagslíf nemenda eftir COVID
- Áfangakannanir á báðum öðrum
- Hlýtt á nemendur
- Starfsmannasamtöl
- Halda áfram að vinna að gæðahandbók
- Setja sig betur inn í skráningar mála í rafræna skjalakerfinu

Veturinn 2021–2022

Haustönn

- Áfangamat
- Hlýtt á nemendur (ef COVID-19 leyfir)
- Vinna við gæðahandbók
- Vinna verklagsreglur vegna upplýsingaöryggis
- Gæði húsnæðis, eftirfylgni

- Jafnlaunavottun
- Notkun rafræna málakerfisins
- Lýðræðislegt sjálfsmat í deildum

Vorönn

- Áfangamat
- Hlýtt á starfsfólk
- Vinna við gæðahandbók
- Kynning á gæðahandbók fyrir starfsfólk
- Lýðræðislegt sjálfsmat í deildum
- Jafnlaunavottun, eftirlitsúttekt

Veturinn 2022-2023

Haustönn

- Áfangamat
- Hlýtt á nemendur
- Lýðræðislegt sjálfsmat í deildum
- Jafnlaunavottun, eftirlitsúttekt

Vorönn


- Áfangamat
- Lýðræðislegt sjálfsmat í deildum
- Jafnlaunavottun, eftirlitsúttekt

Fylgiskjöl

Áfangamat haust 2020 – Helstu niðurstöður


Áfanginn er vel skipulagður

1. Mjög sammála	32% (662/2085)
2. Sammála	45% (933/2085)
3. Hvorki né	15% (313/2085)
4. Ósammála	5% (101/2085)
5. Mjög ósammála	5% (76/2085)




Hversu mikillar eða lítillar virkni finnst þér krafist af þér í kennslustundum í áfanganum?

1. Mikillar	29% (613/2086)
2. Hæfilegrar	66% (1381/2086)
3. Lítillar	4% (92/2086)




Mér finnst áhersla á hópavinnu í áfanganum vera

1. Of mikil	6% (134/2082)
2. Hæfileg	84% (1749/2082)
3. Of lítil	10% (199/2082)




Mér finnst áhersla á einstaklingsvinnu í áfanganum vera

1. Of mikil	8% (156/2074)
2. Hæfileg	90% (1862/2074)
3. Of lítil	3% (56/2074)




Mér finnst fjöldi prófa og verkefna í áfanganum vera

1. Of mikill 11% (235/2079)
2. Hæfilegur 86% (1782/2079)
3. Of lítill 3% (62/2079)




Mér finnst álagið í áfanganum vera

1. Of mikið 9% (194/2080)
2. Mikið 24% (490/2080)
3. Hæfilegt 60% (1251/2080)
4. Lítið 6% (135/2080)
5. Of lítið 0% (10/2080)




Kennari útskýrir námsefnið vel

1. Mjög sammála 44% (1179/2660)
2. Sammála 33% (883/2660)
3. Hvorki né 13% (355/2660)
4. Ósammála 6% (149/2660)
5. Mjög ósammála 4% (94/2660)




Námsgögn (bækur, vefsíður, verkefnahefti o.fl.) í áfanganum eru

1. Mjög góð 15% (307/2083)
2. Góð 42% (880/2083)
3. Hvorki né 37% (762/2083)
4. Léleg 5% (100/2083)
5. Mjög léleg 2% (34/2083)




Hvernig tekst kennaranum að taka á ókyrrð í kennslustundum?

1. Vel 68% (1672/2477)
2. Sæmilega 30% (751/2477)
3. Illa 2% (54/2477)




Kennarinn vekur áhuga minn á námsefninu

1. Mjög sammála 26% (650/2482)
2. Sammála 36% (903/2482)
3. Hvorki né 24% (590/2482)
4. Ósammála 9% (214/2482)
5. Mjög ósammála 5% (125/2482)




Mér finnst auðvelt að biðja um aðstoð hjá kennaranum

1. Mjög sammála 40% (982/2483)
2. Sammála 37% (910/2483)
3. Hvorki né 15% (369/2483)
4. Ósammála 6% (149/2483)
5. Mjög ósammála 3% (73/2483)



Kennari útskýrir námsefnið vel

1. Mjög sammála 36% (879/2476)
2. Sammála 41% (1007/2476)
3. Hvorki né 15% (367/2476)
4. Ósammála 6% (139/2476)
5. Mjög ósammála 3% (84/2476)



